

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.
Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

243. tbl - 6. árg.

2. mars 2006



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR
- bakbjarl í byggð

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001
www.spo.is

Gjafir frá Lionsklúbbsi Nesþinga



Þriðjudaginn 21. febrúar síðastliðin kom Lionsklúbbur Nesþinga færandi hendi og gaf leikskólanum Kríubóli Hellissandi væna peningagjöf sem mun koma að góðum notum. Leikskólinn hefur nú þegar fjárfest í tölvu fyrir leikskólabörnin, stórum legokubbum fyrir yngstu börnin og ungbarnarólu. Starfsfólk og börn leikskólans Kríubóls vilja koma á framfæri þökkum fyrir þessa höfðinglegu gjöf og vert er að taka fram að Lionsklúbbur Nesþinga hefur frá upphafi stutt vel við bakið á okkur. Á meðfylgjandi myndum eru Lionsmennirnir Sigfús og Ómar að afhenda Steinunni leikskólustjóra ávísunina vænu og Kristinn situr fyrir framan tölvuna göðu.

Takk fyrir okkur.

KÆLIVER EHF

Hafliði Sævaldsson GSM: 893-1906
Steinar Vilhjálmsson GSM: 8944310
Súðarvog 28 S:5874530 - 5303100


FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

HÚS TIL SÖLU



Nýr sólpallur er í garði. Eignin lítur vel út bæði að innan og utan.

Óskað er eftir tilboðum í húsið

Ólafsbraut 50

157 fm. einbýlishús á tveimur hæðum byggt árið 1960 ásamt 49,1 fm bílskúr byggðum árið 1982. Efri hæð skiptist í forstofu, rúmgott hol, þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Geymsluloft er yfir íbúðinni. Á neðri hæð er forstofa, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymsla.

Sjá nánari upplýsingar um eignirnar og aðrar eignir á skrá á beimasíðu fasteignasölnnar: fasteignsnae.is
Á Fasteignasölu Snæfellsness eru öll störf unnin af löggiltum fasteignasala sem tryggir öryggi í viðskiptum.

Fasteigna- og skipasala Snæfellsness
Pétur Kristinsson, hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali.
Sími 438-1199, netfang pk@simnet.is
Heimasíða: fasteignsnae.is

J-listinn býður fram

Bæjarmálasamtök Snæfellsbæjar J-listinn boðaði til fundar á Hótel Ólafsvík sl. þriðjudagskvöld. Fundarefnið voru umræður um framboðsmál fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor.

Fundurinn hófst á því að bæjarstjórnarmenn J-listans þeir Gunnar Örn Gunnarsson, Kristján Þórðarsson og Pétur S. Jóhannsson fóru yfir kjörtímabilið sem er að líða og svöruðu síðan fjölmörgum spurningum fundarmanna. Spurt var ma. um málefni Félagsheililísins Klífs, skólamálin, stækkun Dvalarheimilísins Jaðars, eftirlit með verklegum framkvæmdum í bæjarfélaginu, gjaldfrjálsan leikskóla og tjald-

svæðamál. Þá var talsvert rætt um íþróttar og æskulýðsmál ekki síst í ljósi þess sem fram kom á bæjarstjórnarfundum í sl. viku og einnig var rætt um málefni hafnanna.

Þá var rætt um framboðsmálin og eindregin vilji fundarmanna var að J-listinn byði fram aftur. Kosin var uppstillingarnefnd sem mun vinna með stórn Bæjarmálasamtakanna að koma saman lista. Uppstillingarnefndina skipa þær Ragnhildur Sigurðardóttir, Drífa Skúladóttir og Vilborg Lilja Stefánsdóttir.

Fundurinn var fjölmennur og góðar umræður og mikill hugur er í J-lista fólki um það sem framundan er.

PSJ

Knattspyrnustúlkur í æfingabúðum



Síðastliðna helgi, 24.-26. febrúar komu hressar knattspyrnustúlkur úr ÍR í Reykjavík hingað í Snæfellsbæ og dvöldu í æfingabúðum í íþróttahúsinu í Ólafsvík.

Yngri flokkur stelpna hjá Víkingi/Reyni tók á móti hópnum með aðstoð for-eldra og létu gestirnir vel af móttökunum. Eftir æfingu á föstudagskvöld var haldin Idol-skemmtun. Áfram var æft á laugardagsmorgni og sest að sameiginlegum hádegisverði að æfingum loknum. Allur hópurinn fór síðan í sund og í einmuna veðurbliðu var leikið í frjálsum tíma. Æfing var á sparkvellingnum seinnipartinn fram að pitsuveislu. Stelpurnar sátu síðan kvöldvöku þá um kvöldið og sáu sjálfar um skemmtiatriði ásamt þjálfurum og foreldrum. Aðfaranótt sunnudags gistu bæði aðkomu og heimastelpur í

íþróttahúsinu. Lokæfingin var á sunnudagsmorgni og til að ná stelpunum niður á jörðina var æfingum lokið með jóga og slökun. Kveðjustundin var sameiginlegur hádegisverður og leystu Víking/Reynis stúlkur gesti sína út með gjöfum og eftir lifir minning um skemmtilega helgi.

Fyrirtæki og foreldrar lögðu mikið á sig til að gera þessa helgi skemmtilega og eftirminnilega með vinnu, gjöfum og fjárstyrkjum. Við viljum þakka; Söluskála ÓK, Fiskmarkaði Íslands, Landsbankanum í Snæfellsbæ, Sparisjóði Ólafsvíkur, Versluninni Blómsturvöllum og Deloitte í Snæfellsbæ fyrir myndarlegan stuðning við þessar æfingabúðir.

Foreldraráð



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ - 151. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 2. mars 2006 og hefst hann í Félagsheimilinu Röst kl. 17:00.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarinnar:

- 1) Fundargerð 178. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 16. febrúar 2006.
- 2) Fundargerð 81. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 31. janúar 2006.
- 3) Fundargerð stjórnar Jaðars, dags. 22. febrúar 2006.
- 4) Fundargerð 158. fundar skipulags- og byggingarnefndar, dags. 21. febrúar 2006.
- 5) Fundargerðir 55. og 56. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 13. desember 2005 og 9. febrúar 2006.
- 6) Fundargerð stjórnarfundar Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 24. febrúar 2006.
- 7) Fundargerð 65. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 13. janúar 2006.
- 8) Fundargerð 12. fundar framkvæmdaráðs Snæfellsness, dags. 23. janúar 2006.
- 9) Fundargerð stjórnarfundar SSV, dags. 27. janúar 2006.
- 10) Forkaupsréttur Snæfellsbæjar í m/b Guðlaugu SH-345, sknr. 1611
- 11) Fundarsköp félagsmálanefndar Snæfellinga.
- 12) Reglur um könnun félagsmálanefndar Snæfellinga og meðferð einstakra mála skv. barna-verndarlögum nr. 80/2002.
- 13) Viðmiðunarreglur fyrir heimaþjónustu við fjölbura fjölskyldur.
- 14) Reglur um heimaþjónustu á Snæfellsnesi.
- 15) Reglur um liðveislu.
- 16) Tillaga frá fulltrúum D-listans, dags. 24. febrúar 2006, varðandi sundlaug Snæfellsbæjar.
- 17) Tillaga frá fulltrúum J-listans, dags. 1. febrúar 2006, varðandi endurskoðun á bæjarmála-samþykkt Snæfellsbæjar.
- 18) Bréf frá SÍS, dags. 10. febrúar 2006, varðandi 11. norrænu sveitarstjórnarráðstefnuna 14.-16. maí n.k. í Svíðþjóð.
- 19) Bréf frá Stefáni Gíslasyni, dags. 14. febrúar 2006, varðandi ráðstefnu um Staðardagskrá 21.
- 20) Bréf frá Félagsmálaráðuneytinu, dags. 22. febrúar 2006, varðandi reglur um afslætti fasteignaskatts.
- 21) Bréf frá forstöðukonu Jaðars, dags. 24. febrúar 2006, varðandi umsögn um drög að frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu.
- 22) Bréf frá Ferðamálasamtökum Snæfellsness, dags. 25. febrúar 2006, varðandi vega- og fjarskiptamál á Snæfellsnesi.
- 23) Minnisþingar bæjarstjóra

Snæfellsbæ, 28. febrúar 2006

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík

355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Bólstrun

Kem á staðinn og geri verðtilboð í allar gerðir húsgagna, báta og bíla hef úrval af áklæðisprufum. Sæki og kem með vöruna til þín að kostnaðarlausu. Visa raðgreiðslur.

Bólstrun Gunnars Leifssonar.

Sími: 4512367 og 8652103

Netfang: gl@simnet.is

NÝTT Í SÖLUSKÁLA ÓK



Í tilefni af komu Lottósins
verður sprengihelgi
föstudag - laugardag - sunnudag

16" pizza með 2 áleggsteg.,
2L af Coke, 1ks. Floridabitar.

1.500,



ÍSVELIN KOMIN Í GANG

Söluskáli ÓK. Ólafsvík

v/ Ólafsbraut · sími 436 1012

Árangursríkt uppeldi!!

Öll viljum við sjá árangur af því sem við erum að gera. Ef við gerum ekki neitt þá er ekki hægt að vænta árangurs.

Agaleysi hefur verið mikið í umræðunni að undanförmu og að foreldrar gefi sér ekki tíma til að vera með börnum sínum og sinna uppeldi. Margar ástæður eru nú trúlega fyrir agaleysi barnanna. Samfélagið hefur breyst mikið á fáum árum og við foreldrarnir eigum líka í fullu fangi með að aga okkur sjálf í þessum breyttu aðstæðum.

Vegna þess hegðunarvanda sem er víða í okkar samfélagi var farið af stað með fræðslu-átak til að reyna að hjálpa foreldrum í uppeldi barna sinna.

Leiðbeinendanámskeið fyrir fagfólk sem sinna foreldrum og börnum hafa verið í gangi í Reykjavík á vegum Gyðu Haraldsdóttur, sálfræðings. Þetta eru námskeið um uppeldi og aga.

Við undirritaðar fórum á slíkt námskeið fyrir ári síðan. Þannig að nú höfum við réttindi til að halda uppeldisnámskeið fyrir foreldra.

Hugmyndafræði námskeiðsins byggir á mörgum rannsóknunum sem gerðar hafa verið varðandi hegðun barna.

Tveir bandarískir sálfræðingar, Christophersen og Mortweet, hafa gefið út bók sem heitir „Uppeldisbókin“ og er stuðst við hana í uppbyggingu námskeiðsins. Þessa bók er búið að þýða yfir á íslensku og fæst hún í öllum stærri bókaúðum.

Meginhugmyndin er sú að hegðun er lærd en ekki meðfædd og að þetta á jafnt við um „réttu“ og „ranga hegðun. Börn séu að sjálfsgöðu ólík, fædd með mismunandi skapgerð og mismunandi eiginleika sem skipta máli fyrir þroska þeirra og horfur.

Það að hegðun er lærd, þýðir líka að það er hægt að

móta hana markvisst og breyta með viðeigandi kennslu eða uppeldi.

Lögð er áhersla á að foreldrar verði að velta fyrir sér hvernig þeir vilja að barnið sitt verði eftir 10 ár. Þetta hjálpar foreldrum að leggja áherslu á og örva þá færni sem foreldrið vill að barnið tileinki sér. Sé þetta gert reyni minna á beitingu aga og refsingar en annars þyrfti.

Fyrir tveimur vikum síðan auglýstu undirritaðar uppeldisnámskeið fyrir foreldra 0-3 ára barna. Aldurstakmarkið settum við á þetta fyrsta námskeið þar sem við höldum að það yrði vel sótt, en það er reynslan í þeim bæjarfélög-

um þar sem upp á þetta hefur verið boðið.

Því miður skráðu sig allt of fáir þannig að fella þurfti námskeiðið niður.

Við ætlum ekki að auglýsa strax aftur, en hvetjum foreldra 0-5 ára barna að hafa samband við undirritaðar ef áhugi er fyrir að taka þátt í námskeiði af þessu tagi og munum við þá væntanlega halda eitt fyrir vorið og vonandi þá aftur í haust.

Með von um jákvæð viðbrögð og uppeldisáhuga,

Berit, hjúkrunarfræðingur
Friðgerður, hjúkrunarfræðingur




Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · Netf. bylgja@bylgja.is

Herrakvöld Víkings

Knattspyrnudeild Víkings í Ólafsvík hélt sitt árlega herrakvöld laugardagskvöldið 25. feb. í Félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Jónas Gestur Jónason formaður stjórnar Viking bauð gesti velkomna sem voru fjölmargir. Byrjað var á borðhaldi og á borðum var glæsilegt fiskihlaðborð. Leikmenn Víkings þjónuðu til borðs eins og þeim er einum lagið. Veislustjóri var Vigfús Örn Gíslason en hann hefur verið í stjórn Víkings sl. ár. Í yfirlitsræðu sem Jónas Gestur hélt að borðhaldi loknu kom ma. fram að leikmannahópurinn væri nánast kominn og undirbúningurinn gengi vel. Sl. ár hefur Ejub Purisevic þjálfað Viking og var hann með samn-



ing út þetta ár. Stjórnin hefur ákveðið að framlengja samninginn við Ejub út næsta ár þe. til ársins 2007. Mikil ánægja var með þessa ákvörðun meðal gesta því þjálfari og stjórn

Víkings fengu langt og mikið klapp eftir að Jónas Gestur tilkynnti þessa niðurstöðu. Eins og flestum er kunnugt náði Vikingur sínum besta árangri á sl. ári er félagið varð í 5. sæti í 1. deildinni.

Ræðumaður kvöldsins var Guðmundur Smári Guðmundsson framkv.stjóri Guðmundar Runólfssonar í Grundarfirði og var hún í anda sannkallaðs herrakvölds. Þá voru veittar viðurkenningar bæði fyrir fjölda leikja og markaskorun og sá leikmaður sem flesta leiki hefur spilað fyrir Viking var Jónas Kristófersson en hann lék alls 175 leiki og skoraði 71 mark. Þá voru leikmenn Víkings með skemmtiatriði og nokkrir tóku til máls á léttum nótum. Mikil ánægja er á Snæfellsnesi með gott gengi Vikinganna og er bæði stjórn, sem hefur staðið sig afar vel, og leikmönnum óskað alls hins besta á leiktíðinni.

PSJ



95 ára

Jóhanna Kristjánsdóttir
verður 95 ára í dag
fimmtudaginn 2. mars 2006

Hún verður með heitt á könnunni
að Skipholt 8, Ólafsvík
eftir klukkan 16 í dag.



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR
- bakhjarl í byggð

Sparisjóður Ólafsvíkur
er kominn með ný símanúmer,
430-7000 og fax 430-7001

Fuglaflensa á Íslandi ?

Ég er ein af þeim sem hugsu um hvað gerðist ef eða þegar fuglaflensan kemur til Íslands. Það er ekki góð tilfinning sem fylgir þeirri hugsun.

Það sem helst um huga minn fer er:

1. Hvort ekki væri ráð að fækka Mávum, Hröfnum og öðrum fuglum, sem éta allt sem finnst dautt og dreyfast svo dauðir um allt, og það áður en farfuglarnir koma?
2. Hvernig fer ef húsdýrin hnusa og narta í hræin og svo tökum við þessi gældýr okkar og knúsum þau?
3. Hvað með ef dauðir fuglar eru á leikskólalóðinni og í sandkassanum? -er í lagi að börnin leika sér þar áfram? -eða heima í górdunum okkar?
4. Hvað ef hjartahlýju börnin vilja, eins og tíðkast hefur í gengum tíðina og

flestir muna frá sjálfum sér, taka upp og jarða „dáinn“ fugl.

5. Hver á að hirða upp dauðu fuglana sem liggja út um allt? -eigum við að gera það sjálf og hvernig eigum við að standa að því og hvað eigum við að gera við hræin? -er óhætt að setja þau í ruslið?

Það eru endalausar spurningar, því óvissan um þróun flensunnar er mikill. Við lesum í blöðunum að mikil hætta sé á ferðinni ef sýktir fuglar eru snertir eða að fólk sé í nánnum tengslum við veiku fuglana og nú hefur sannast að köttur smitaðist af að narta í hræ.

Hér á Snæfellsnesi er mikið af Mávi og Hröfnum, ásamt Kríunni. Þessir fuglar eru heima við dyr hjá fólki og við erum því í mjög miklu návígi við þá sem og aðrir við sjávarsíðuna. En þessar hrætur eru líka á sveimi yfir

Reykjavík og öðrum þéttbýlisstöðum. Þegar fólk vaknar á morgnana getur og mun hver sem er finna dauða fugla við útidyrnar og í garðinum sínum. Hvað á að gera? Spáum í það!

Landlæknir og sóttvarnalæknir gefa ekki sömu upplýsingar um hversu mikil hættan er og ég veit að þau hjá Almannavörnum vilja ekki „hræða“ fólk.

Ég skora á Bæjarstjórn og Heilsugæslu Snæfellsbæjar að afla sér upplýsinga og gangi á undan með góðu forðæmi og kenni hvernig á að haga sér gagnvart þessum vágæsti, áður en flensan kem-

ur, með fræðslu á vinnustöðum, í skólum og hvar sem er, því þetta snertir okkur öll bæði fulloröna og börn.

Látum ekki viðskiftahagsmuni ganga fyrir heilsunni. Reunum ekki að fela hættuna. Við megum ekki missa eitt einasta mannlíf, þegar flensan er komin hingað, vegna misskilnings stjórnvalda um að það „hræði“ okkur ef við erum upplýst um stöðuna.

Verum viðbúin, stöndum saman.

Verndum það sem okkur er kærast, börnin okkar og okkur sjálf.

Júlíana Magnúsdóttir

Skil á efni og auglýsingum

Skila á efni og auglýsingum sem fara eiga í Jökul í síðasta lagi á þriðjudagskvöldi fyrir útgáfu.

Öskudagur í Snæfellsbæ

Börnin í Snæfellsbæ eins og annars staðar á landinu klæddu sig upp í grímubúninga og slóu „köttinn“ úr tunnuni. Á Hellissandi tíðkast það að börn fara um skrautlega klædd og syngja fyrir fólk og fá að launum eitthvert góðgæti.

Eftir því var tekið hversu mikið var af Sollu stírðu úr Latabæ en auk þess var mikið um allskonar ljón, flugur og ýmsar skepnur en einnig hetjur eins og Spiderman og Zorro



Ólafsvíkirkirkja

Sunnudagaskóli

5. mars nk. kl. 11.00

Æskulýðsguðspjónusta

sunnudaginn 5. mars kl. 14.00.

Feðgarnir Daníel Hrafn Sigurðsson og Sigurður Gíslason flytja samtalsprédikun.

Fermingarbörnin lesa ritningarlestra og flytja bænir. Kirkjukórinn ásamt börnum úr TTT-starfinu leiða sálmasöng.

Að guðspjónustu lokinni munu fermingarbörnin bjóða upp á messukaffi, gegn vægu verði, í safnaðarheimili kirkjunnar til styrktar Hjálparstarfi kirkjunnar.

Lágmarksgjald er 100 kr. fyrir 14 ára og yngri en 200 kr. fyrir 15 ára og eldri.

Allir velkomnir

Sóknarprestur



Kleinubakstur

Erum að fara aftur í kleinubakstur útaf fyrirhugaðri námsferð til Edinborga.

Ætlum að hnoða og steikja

Laugardaginn 11 mars.

Seljum kílóíð á 1500.- kr.

Tökum við pöntunum í síma 436-1104, gsm 869-5349 eftir kl. 16:00 alla daga.

Með kleinukveðju

Starfsfólk

Leikskólans Krílakots Ólafsvík.



SNÆFELLSBÆR
Par sem jökullinn ber við loft...

Snæfellsbæingar athugið!!!

Þeir sem greiða fasteignagjöldin sín að fullu fyrir 15. mars n.k. fá 5% staðgreiðsluafslátt á gjöldin sín.

Bæjarbúar eru hvattir til að nýta sér þennan afslátt.

Ellilífeyrisþegum er einnig bent á að koma afriti af skattframtali ársins 2005 til bæjarritara svo hægt sé að ganga frá þeim afslætti sem þeir eiga mögulega rétt á.

Bæjarritari



SNÆFELLSBÆR
Par sem jökullinn ber við loft...

Sundlaugin í Ólafsvík auglýsir Okkur vantar baðvörð í karlaklefa

Um er að ræða tímabundið starf. Umsækjandi þarf að vera 18 ára eða eldri og getað hafið störf sem fyrst. Umsóknareyðiblöð er hægt að nálgast í sundlaug Ólafsvíkur.

Nánari uppl.veitir Sigurður í síma 861:2828

Vinnutími 17:00-21:00 mán-föst
Laugard.13:00-18:00

Viðtalstími hjá íþróttá & æskulýðsfulltrúa
Er á þriðjudögum frá kl 10:30-13:00.
Í íþróttahúsi Snæfellsbæjar.